


Í útgáfu IS 50V 2.0 eru öll lög löguð að nýju fitjuskránni (staðlinum). Hér á eftir kemur stutt lýsing á hverju gagnasetti fyrir sig. Þessi lýsing á við ef formatið er personal database (PDB). Í flestum tilvikum á þetta við einnig ef formatið er shp. Ef um annað format er að ræða eru upplýsingarnar bak við gögnin takmarkandi. Á blaðsíðu 9 er hægt að sjá hvaða upplýsingar fylgja CAD gögnum.

Skipting á gagnasettunum er eftirfarandi:

- Hæðarlínur og hæðarpunktar
- Mannvirki: punktar, línur og flákar
- Mörk: línur og flákar
- Samgöngur: línur
- Vatnafar: punktar, línur og flákar
- Yfirborð: flákar
- Örnefni: nöfn

Hæðarlínur hafa ekki verið uppfærðar en hafa þó verið lagaðar að nýjum staðli. Hæðarpunktar eru nýtt lag. Alls voru 11.398 punktar hnitaðir eftir DMA og AMS kortum LMÍ, 2.833 punktar eru tengdir við nafn, sjá dæmi hér að neðan.



Hér fyrir neðan sést hvernig eigindaskráin lítur út í hæðarpunktalaginu.

Identify	
Identify from:	<Top-most layer>
is50v_hpunktar_punktar	Location: 393.420,847
haed_m	
Field	Value
OBJECTID	330
Shape	Point
fitjutegund	802
maeldh_Teg	1
maelp_Teg	haed_m
z	852
nameid	7576
vinnsla_F	Skjáhnitun
naky_XY	50
nafn_F	Hvalfell
gagna_Eign	LMÍ
heimild	AMS/DMA
dags_Inn	1.1.2007
dags_Uppr	1.1.1977
dags_Leidr	<null>
dags_Uppf	<null>

Mannvirkjapunktarnir (mannvirki utan þéttbýlis) hafa algjörlega verið uppfærðir; Samsýn uppfærði suðvesturland en LMÍ uppfærði það sem upp á vantaði. Fjöldi punkta er 21.880. Rústir eru inni í punktalaginu. Í dálkinum mannv_Flokk eru þær skilgreindar sem 9999 (á ekki við).

Við uppfærslu á mannvirkjalaginu var notast við Spot-5 gervitunglamyndir, loftmyndir, samgöngulag LMÍ svo eitthvað sé nefnt.


Það eru 12.814 punktar sem eru með heitinr. frá FMR, aðallega eru þessi númer tengd við íbúðarhús, en einnig eru þau tengd við t.d. sumarhús, kirkjur, skóla og vita.




Flákalagið (sem sýnir útlínur þéttbýlis) var einnig uppfært að hluta, sumir þéttbýlisflákar voru stækkaðir og einnig lagaðir að nýjum staðli.

Línulagið hefur ekki verið uppfært en hefur verið lagað að nýja staðlinum.

Það hafa ekki orðið miklar breytingar í línulaginu og flákalaginu í mörkunum sem sýnir umdæmi sýslumanna og sveitarfélaga frá síðustu útgáfu 1.2. Mörkin breyttust á milli Ísafjarðarbæjar og Árneshrepps (sjá mynd), ljósbláa línun sýnir nýju mörkin en sú brúna sýnir gömlu mörkin. Línun sem breyttist er flokkuð sem óviss.




Ef línulagið er fengið í PDB fylgir heimildatafla sem sýnir hvaða heimildir liggja á bak við breytingar á mörkunum. Myndin hér fyrir neðan sýnir hvaða heimildir liggja á bak við línuna sem er ljósblá.




Í markalaginu hafa bæst við tíu ný flákalög. Þau eru eftirfarandi:

- is50v_mork_kjordaemi: kjördæmaskipting landsins
- is50v_mork_postnumer: póstnúmeraskipting landsins
- is50v_mork_logregluumdaemi: lögregluumdæmaskipting landsins
- is50v_mork_domstolar_i_heraði: skipting dómstóla í héraði
- is50v_mork_sottvarnaumdaemi: sóttvarnaumdæmaskipting landsins
- is50v_mork_heilbrigdisumdaemi: heilbrigðisumdæmaskipting landsins
- is50v_mork_heilbrigdiseftirlit: skipting landsins í heilbrigðiseftirlit
- is50v_mork_efnahagslogsaga: efnahagslögsaga Íslands
- is50v_mork_landhelgi: landhelgi Íslands
- is50v_mork_sjor: sjórinn í kringum Ísland


Þrjú síðustu löggin fást einungis ef IS 50V grunnurinn er keyptur í heild sinni. Myndin hér að neðan sýnir kjördæmaskiptingu landsins og eigindaskrána sem fylgir.




Samgöngulagið hefur talsvert verið uppfært en stærsta breytingin er að vegir í þéttbýli eru komnir inn af stórum hluta landsins. Þeir eru ekki gps mældir. Þeir eru ekki flokkaðir jafn ítarlega og þeir vegir sem hafa verið gps mældir. Myndin hér að neðan sýnir þær upplýsingar sem liggja á bak við þéttbýlisvegi LMÍ.




Í vatnafarinu voru nöfn tengd við fitjur við helstu ár, vötn og fossa (sjá mynd). Einnig voru lögin aðlöguð nýjum staðli.



Yfirborðið hefur ekki breyst en flákalögin voru löguð að nýja staðlinum. Hér fyrir neðan sést hvaða yfirborðsflokkar eru notaðir.



Yfirborðslagið er ekki landsþekjandi (sjá mynd) en árið 2008 er stefnt að því að bæta inn nýjum gögnum. Landbúnaðarháskólinn hefur séð um greiningu og úrvinnslu yfirborðsins en yfirborðið er unnið úr gervitunglamyndum.



Í örnefnalaginu hefur ýmislegt verið lagfært; hliðranir, leiðréttingar og breytingar á nöfnum. Allar breytingar á örnefnum eru gerðar í samráði við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Mannvirkjanöfn og nöfn tengd mörkum voru tekin út úr nafnalaginu sem og þau nöfn sem er búið að tengja við fitjur í lögnum (vatnafar, hæðarpunktur, mannvirki flákar). Myndin hér fyrir neðan sýnir hvaða nafnaflokkar eru í örnefnalaginu núna. Örnefni á shp. formati verða afhent sem punktalag.

- is50v_ornefni**
 - 507 Firðir, vikur 25-50 km2
 - 506 Firðir, vikur 50-100 km2
 - 505 Firðir, vikur meira en 100 km2
 - 504 Firðir, vikur 100-250 km2
 - 503 Firðir, vikur 250-500 km2
 - 502 Firðir, vikur 500-1000 km2
 - 501 Firðir, vikur 1000 km2
 - Default
 - 508 Firðir, vikur 10-25 km2
 - 510 Firðir, vikur 5-10 km2
 - 201 fjall, dalur, hraun, nes, flói o.s.frv. 1000km2
 - 202 fjall, dalur, hraun, nes, flói o.s.frv. 500-1000km2
 - 203 fjall, dalur, hraun, nes, flói o.s.frv. 250-500km2
 - 204 fjall, dalur, hraun, nes, flói o.s.frv. 100-250km2
 - 205 fjall, dalur, hraun, nes, flói o.s.frv. meira en 100km2
 - 206 fjall, dalur, hraun, nes, flói o.s.frv. 50-100km2
 - 207 fjall, dalur, hraun, nes, flói o.s.frv. 25-50 km2
 - 208 fjall, dalur, hraun, nes, flói o.s.frv. 10-25 km2
 - 210 fjall, dalur, hraun, nes, flói o.s.frv. 5-10 km2
 - 211 fjall, dalur, hraun, nes, flói o.s.frv. 2,5-5 km2
 - 512 Firðir, vikur 1-2,5 km2
 - 511 Firðir, vikur 2,5-5 km2
 - 216 fjall, dalur, hraun, nes, flói o.s.frv. Hæstu tindar
 - 215 fjall, dalur, hraun, nes, flói o.s.frv. minna en 0,25 km2
 - 214 fjall, dalur, hraun, nes, flói o.s.frv. 0,25-0,5 km2
 - 213 fjall, dalur, hraun, nes, flói o.s.frv. 0,5-1 km2
 - 212 fjall, dalur, hraun, nes, flói o.s.frv. 1-2,5 km2
 - 513 Firðir, vikur 0,5-1 km2
 - 514 Firðir, vikur 0,25-0,5 km2
 - 515 Firðir, vikur minna en 0,25 km2
 - 122 Sveitanöfn en 200km2
 - 123 Sveitanöfn 100-200km2
 - 124 Sveitanöfn en 100km2
 - 111 Nöfn orkuvera, stofnana, þjónustu- og atvinnuhúsnæðis
 - 121 Mörk þjóðgarða, fólkvanga og friðlanda
 - 401 Eyjar, sker meira en 5 km2
 - 402 Eyjar, sker 2,5-5 km2
 - 403 Eyjar, sker 1-2,5 km2
 - 404 Eyjar, sker 0,5-1 km2
 - 405 Eyjar, sker 0,25-0,5 km2
 - 406 Eyjar, sker minna en 0,25 km2
 - 407 Eyjar, sker þekkt kennileiti
 - 301 Jökull, fönn 1000 km2
 - 302 Jökull, fönn 500-1000 km2
 - 303 Jökull, fönn 250-500 km2
 - 304 Jökull, fönn 100-250 km2
 - 305 Jökull, fönn meira en 100 km2
 - 306 Jökull, fönn 50-100 km2
 - 307 Jökull, fönn 25-50 km2
 - 308 Jökull, fönn 10-25 km2
 - 310 Jökull, fönn 5-10 km2
 - 311 Jökull, fönn 2,5-5 km2
 - 312 Jökull, fönn 1-2,5 km2
 - 313 Jökull, fönn minna en 1 km2
 - 314 Jökull, fönn Hæstu tindar

Eftirfarandi upplýsingar fylgja með cad gögnum:

Hlinur; layer = hd_linur_Fl, elevation = z
Hpunktur; fitjutegund = layer, elevation = z
Vatn línur; layer = yv_Fl
Vatn flákar; layer = yv_Fl, elevation = z
Vatn punktar; layer = fitjutegund
Mannvirki punktar; layer = mannv_Flokk
Mannvirki línur = layer = fitjutegund
Mannvirki flákar = layer = fitjutegund
Samgöngur línur; layer = veg_Yfirbord
Mörk línur; layer = stjsv_Fl
Mörk umdæmi flákar; layer = sys_Umdaem
Mörk sveitarfélag flákar; layer = sveitarf
Mörk póstnúmera; layer = nafn_F
Mörk lögregluumdæma; layer = nafn_F
Mörk kjördæma; layer = nafn_F
Mörk dómstóla í héraði; layer = nafn_F
Mörk sóttvarnaumdæma; layer = nafn_F
Mörk heilbrigðiseftirlita; layer = nafn_F
Mörk heilbrigðisumdæma; layer = nafn_F
Efnahagslögsaga Íslands; layer = stjsv_Fl
Landhelgi Íslands; layer = stjsv_Fl
Sjór kringum Ísland; layer = fitjutegund
Yfirborð, votlendi; layer = gr_Samf
Yfirborð, ræktað land; layer = gr_Samf
Yfirborð,skóg- og kjarrlendi; layer = gr_Samf
Yfirborð, moslendi; layer = gr_Samf
Yfirborð, mólendi; layer = gr_Samf
Yfirborð, hálfgróið; layer = fitjutegund